

Mánudaginn 26. febrúarmánaðar.

Nr. 55/1893:

Rjettvísinn

gegn

Pjetri Níelssyni, Steinvöru

Einarsdóttur o. fl.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verði kveðinn upp í máli þessu, þykir nauðsynlegt, að fengnar verði þær ýtarlegri skýrslur og skýringar í málinu, er nú skal greina:

1. Hvernig rekarjettindum er varið á fjörum þeim, er ræðir um í málinu, og um eigendur rekanna.
2. Hvort samið hefur verið beinlínis eða sjerstaklega milli rekæigenda og leiguliða í byggingarbrjefum eða á annan hátt um afnot leiguliða af rekunum (leiguliðagagn), og hvernig þeim samningum þá hefur verið varið.
3. Hvernig rekæigendur hafa framfylgt rekarjettindum sínum.
4. Hver venja hefur átt sjer stað að því umræddar og, ef til vill, nærliggjandi fjörur snertir, um hagnýting reka af leiguliða hálfu gagnvart rekæigendum, og hvernig rekæigendur hafa unað þeirri venju.
5. Hvort ákveðnum eða föstum reglum hefur verið fylgt á umræddum fjörum um hagnýting og skipting leiguliðagagnsins milli leiguliða innbyrðis, er fleiri hafa átt hlut í sömu fjöru.
6. Um sveitarvenju yfir höfuð, að því er snertir fjöruferðir á eigin og annara fjörur.
7. Þær frekari skýringar um hjergreind atriði, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til, og skal það

jafnframt takið fram, að yfirheyra ber einnig rekaeigendur sjálfa um framangreind atriði, eptir því sem unnt er.

8. Hvað rjett er í meðfylgjandi kæru hins ákærða Sigurðar Ólafssonar, um varðhaldsvist föður hans Ólafs heitins Guðmundssonar, Natanaels Sigurðssonar og Kristínar Guðmundsdóttur og Sigurðar sjálfs, en varðhalda þessara er sumpart látið ógetið í prófsgjörðunum, sumpart koma kærurnar eigi heim við þær.
9. Hvað rjett er í meðfylgjandi kærum frá hinum ákærðu Árna Magnússyni og Guðmundi Guðmundssyni um varðhaldsvist þeirra og hins ákærða Jóns Einarssonar á Miðbælisbökkum, en þær koma eigi heim við það, er í prófsgjörðunum stendur.
10. Hvort hinum ákærðu Pjetri Niélssyni, Steinvöru Einarasdóttur og Jóhannesi Símonarsyni, sem sjást hafa verið úrskurðuð í gæzluvarðhald respective $\frac{15}{11}$ 1890, $\frac{11}{12}$ 1890 og $\frac{24}{1}$ 1891, hafi verið haldið í varðhaldi til respective $\frac{11}{2}$, $\frac{11}{2}$ og $\frac{2}{2}$ 1891, sem virðist helzt verða ráðið af prófsgjörðunum.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær og skýringar, er að ofan greinir, svo fljótt sem audið er.

Nr. 1/1894:

Hið opinbera
gegn
Jóni Ásgeirssyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðn-